

Tillaga að

STARFSLEYFI

Framleiðsla á laxi

Fiskeldi Austfjarða hf.,

Berufjörður

Lögheimili:

Nesbala 122, 170 Seltjarnarnes,

Kt.: 520412-0930

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 520412-0930, fyrir sjókvíaeldi á 9.800 tonna ársframleiðslu af laxi í Berufirði. Fiskeldi Austfjarða hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 9.800 tonnum af laxi frjóum eða ófrjóum (að hámarki 6.000 tonn af frjóum laxi). Hámark lífmassa á hverjum tíma er 9.800 tonn í Berufirði. Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðauka. Starfsleyfið nær til þriggja staðsetninga í Berufirði við Svarthamar, Hamraborg I og Hamraborg II. Eldið skal staðsett innan svæðis sem tilgreint er í viðauka starfsleyfisins.

Rekstraraðila er heimilt að framleiða lax í kynslóðaskiptu eldi í sjókvíum á tveimur sjókvíaeldissvæðum með eftirfarandi takmörkunum:

Sjókvíaeldissvæði A

Eldissvæðið Svarthamar (samanstendur af Glímeysi, Svarthamar og Svarthamarsvík)

- framleiðslumagn allt að 9.800 tonnum á ári

Sjókvíaeldissvæði B

Eldissvæðin Hamraborg I og Hamraborg II

- framleiðslumagn allt að 9.800 tonnum á ári

Eldið er að jafnaði á tveimur eldissvæðum í senn, tveir árgangar eru aldir í 18-24 mánuði. Að loknu því tímabili eru eldissvæðin hvíld í 9-12 mánuði milli eldislota.

Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Bendi niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, til þess eða Umhverfisstofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp að mati Umhverfisstofnunar getur hún einhliða frestað því að sett verði út seiði í viðkomandi firði.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu,
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef burðarþolsmat svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breytingar verða á áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. greinar laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests er eftirlitsaðila heimilt, sbr. 1. mgr. 61. greinar laganna, að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt, sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. greinar laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekings frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd sbr. 63. grein laganna.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við ákvæði í kafla VI. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt grein 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögum.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir 1. maí 2019 og endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. greinar laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota meggi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur um gæði vatns.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 9,0 kg /tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Eldiskvíar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fódurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fódurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfsemi í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal nota upplýsingar sem fást með umhverfisvöktun, sbr. 5. kafla, til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía. Þéttleiki lífmassa í kví skal ekki vera meiri en 25 kg/m^3

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Fiskeldi má ekki valda óæskilegri breytingu á lífríki svæðisins sbr. fækkun tegunda, sbr. þó grein 3.8. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. grein 1.6 ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum.

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífniðurbjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

3.11 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 3.9 um lífniðurbjótanlegan úrgang.

3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. grein 2.6 og 2.5.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4 INNRA EFTIRLIT

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennsli,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- tæmingu olúgildra,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði,
- lyfjagjöf m.a vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif),
- útsetningu seiða (magn og dagsetning).

4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 3.6.

4.3 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera samkvæmt staðlinum ISO 12878 og ISO 19493¹ og gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungum. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Taka skal mið af bæklingi Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Endurskoða skal vöktunaráætlun óski Umhverfisstofnunar eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfislögreglu eða umhverfisstjórnunarkerfi.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. eftirlitsflokk í gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til dd. mm 2034.

Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra starfsleyfi Fiskeldi Austfjarða hf. í Berufirði frá 4. október 2012, fyrir framleiðslu á allt að 6.000 tonnum af laxi á ári og 2.000 tonnum af regnbogasilungi á ári.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

¹ Notast við ISO 19493 við mat á eldissvæði við Æðasker þar sem um er að ræða annars konar botn en á hinum svæðunum.


Reykjavík dd. mm 2018

Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

Viðauki 1



Á kortinu má sjá staðsetningar sjókvíeldis í starfsleyfi. Hér að neðan má sjá hnit fyrir sjókvíeldi í starfsleyfinu.

Viðauki 2

Fjörður	Svæði/staður	Norðurhnit	Vesturhnit	Eldistegund
Berufjörður	Glímueyri	64°43.374	14°23.774	Lax
		64°43.912	14°24.028	
		64°43.999	14°23.411	
		64°43.575	14°23.080	
Berufjörður	Svarthamarsvík	64°41.919	14°23.004	Lax
		64°42.175	14°23.284	
		64°42.613	14°22.387	
		64°42.226	14°21.643	
Berufjörður	Svarthamrar	64°43.550	14°23.160	Lax
		64°42.690	14°22.230	
		64°42.175	14°23.280	
		64°43.370	14°23.780	
Berufjörður	Hamraborg I	64°41.540	14°16.990	Lax
		64°41.260	14°15.930	
		64°41.200	14°14.040	
		64°40.690	14°14.280	
		64°40.750	14°16.520	
		64°41.030	14°17.540	
Berufjörður	Hamraborg II	64°42.140	14°19.210	Lax
		64°41.920	14°18.360	
		64°41.400	14°18.920	
		64°41.660	14°18.800	

Hnit eldis í Berufirði. Glímueyri, Svarthamarsvík og Svarthamar eru eitt svæði og kallast Svarthamar.

Viðauki 3

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í grein 4.3 er kveðið á að skila eigi ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.
- Í grein 4.4 er ákvæði um að skiladagar fyrir grænt bókhald og útstreymisbókhald séu samkvæmt ákvæðum viðeigandi reglugerða.
- Leggja skal fram umhverfismarkmið fyrir 1. maí 2019 þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með am.k. tveggja vikna fyrirvara sbr. gr. 1.2.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.